



Íslenska á tölvuöld

Kynning á öndvegisverkefninu:

***Greining á málfræðilegum afleiðingum
stafræns málsambýlis***

Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson
Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands

Frændafundur 27. ágúst 2016





Yfirlit

- Staða íslenskunnar
 - Aukin notkun ensku í íslensku málsamfélagi
 - Utanaðkomandi ástæður
- Kynning á verkefninu
 - Íslenska sem prófmál
 - Meginmarkmið verkefnisins
 - Lýsandi markmið og fræðilegt markmið
 - Aðferðafræði
- Lokaorð





Skiptar skoðanir um stöðu íslenskunnar

- Tryggvi Gíslason, *Eyjan*, 10.12. 2015:
 - [...] íslensk tunga hefur aldrei staðið sterkar sem lifandi þjóðtunga í margskiptu þjóðfélagi en nú [...] íslenska [...] mun lifa um ófyrirsjáanlega framtíð.
- Gunnar S. Egilsson, *Fréttatíminn*, 7.3. 2015:
 - Þegar maður þælir í því er augljóst að íslenskan mun deyja út á næstu 50 til 70 árum. Alla vega sem fullburða tungumál í fjölþættum samskiptum fólks.
- Hvor hefur rétt fyrir sér? Kannski báðir?





Sterk staða málsins í samfélaginu

- Íslenska er notuð á öllum sviðum samfélagsins
 - í stjórnkerfinu
 - í menntakerfinu
 - í verslun og viðskiptum
 - í fjölmiðlum
 - í menningarlífinu
 - á netinu
 - í öllum daglegum samskiptum fólks
- Stendur hún þá ekki mjög sterkt?





Aukið álag á íslenskuna

- Staðan virðist vissulega góð á yfirborðinu
 - en hún er brothætt
 - ekki þarf mikið til veikja undirstöðurnar
- Álag á íslenskuna hefur aukist mjög mikið
 - á undanförnum þremur til fimm árum eða svo
 - og mun fyrirsjáanlega aukast enn á næstunni
- Fyrir því eru ýmsar utanaðkomandi ástæður
 - meðal þeirra helstu má nefna:





1. Snjalltækjabyltingin

- Flestir Íslendingar eiga snjallsíma eða spjaldtölvur sem þeir skilja helst ekki við sig.
- Í gegnum þessi tæki er fólk sí tengt við alþjóðlegan menningarheim sem er að verulegu leyti á ensku. Fólk spilar gagnvirka leiki á ensku, horfir á myndefni á ensku o.s.frv.
- Enskt málareiti er því meira og nær til yngri barna og fleiri sviða en nokkru sinni fyrr.
- Hugsanlega hefur í kjölfarið dregið úr samskiptum á móðurmálinu.





2. YouTube- og Netflix-væðingin

- 96% Íslendinga á aldrinum 16-74 ára segjast nota netið „daglega eða næstum daglega“.
- Í gegnum netið hafa þeir aðgang að ótakmörkuðu myndefni á YouTube, Netflix og öðrum efnisveitum.
- Líklegt er að börn og unglingar séu stór hluti neytenda þessa efnis sem vitaskuld er mest allt á ensku og ótextað. Vitað er að jafnvel mjög ung börn horfa mikið á slíkt efni.



3. Ferðamannastraumurinn

- Fjölgun ferðamanna hefur haft mikil áhrif bæði í viðskiptalífinu og menningarlífinu.
- Verðslanir leggja sífelld meiri áherslu á að höfða til útlendinga með því að ráða afgreiðslufólk sem talar ensku, auglýsingum o.fl. á ensku. Íslenskunni er jafnvel alveg sleppt.
- Menningarviðburðir af ýmsu tagi, s.s. tónleikar og leiksýningar, fara einnig í auknum mæli fram á ensku til að ná til ferðamanna.



4. Alþjóðavæðingin

- Breytt heimsmynd hefur leitt til þess að fólk er hreyfanlegra en áður og íslenskir unglingar sjá ekki framtíð sína endilega á Íslandi.
- Í nýlegri könnun Háskólans á Akureyri kom fram að helmingur 15-16 ára unglinga á Íslandi vill búa erlendis í framtíðinni – var þriðjungur fyrir hrun.
- Ekki er ótrúlegt að þetta hafi áhrif á viðhorf unglinga til íslenskunnar.





5. Talstýring tækja

- Flest tæki eru nú tölvustýrð að mestu leyti og þeim verður á næstunni stjórnað með tungumálinu að miklu leyti – við munum tala við þau.
- Margir þekkja nú þegar leiðsögutæki í bílum, Siri í i-Phone og sjónvörp sem talað er við.
- Framfarir í talgreiningu eru stórstígar og von bráðar má búast við að ýmsum algengum heimilistækjum, t.d. bílum og ísskápum, verði stjórnað með tali.



Ferns konar hugsanlegar afleiðingar

- Áhrif frá ensku aukast
 - í orðaforða, beygingum og setningagerð
- Íslenskt ílag minnkar
 - börn á máltökuskeiði heyra minni íslensku
- Notkunarvið íslensku skerðist
 - í ferðapjónustu, viðskiptalífi, tölvusamskiptum
- Virðing fyrir tungumálinu minnkar
 - það fer að þykja hamlandi og hallærislegt
- Hverjar eru framtíðarhorfur íslenskunnar?





Mælikvarði UNESCO (2003:8)

Er íslenska að færast niður um styrkleikaflokk?

Lífvenleiki	Þrep	Málnotendur
öruggt	5	Málnotendur á öllum aldri nota tungumálið; börn jafnt sem fullorðnir.
viðkvæmt	4	Sum börn nota tungumálið á öllum sviðum; öll börn nota málið á takmörkuðum sviðum.
í útrýmingarhættu	3	Tungumálið er aðallega notað af fullorðnum og eldra fólki.
í verulegri útrýmingarhættu	2	Tungumálið er aðallega notað af eldra fólki.
í mikilli útrýmingarhættu	1	Tungumálið er aðallega notað af örfáum öldruðum málnotendum.
útdautt	0	Enginn talar tungumálið lengur.





Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis

- Verkefnið hlaut þriggja ára öndvegisstyrk úr Rannsóknasjóði RANNÍS sl. vor.
- Tímabil: 1. júlí 2016 - 1. júlí 2019.
- Verkefnisstjórar: Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, prófessorar við Háskóla Íslands.





Verkefnisstjórn

Ari Páll Kristinsson, Ásgrímur Angantýsson, Birna Arnbjörnsdóttir, Guðbjörg Jónsdóttir, Anton Karl Ingason, Ásrún Jóhannsdóttir, Iris Nowenstein.

Erlendir þátttakendur:

Charles Yang, University of Pennsylvania;
Elín Thórdardóttir, McGill University;
Joel Wallenberg, Newcastle University;
Laurel MacKenzie, New York University; og
Noel P. Ó Murchadha, Trinity College Dublin.





Íslenska sem prófmál

- Íslenska verður notuð sem dæmi um tungumál sem er undir auknu álagi vegna aukinnar notkunar ensku í kjölfar snjalltækjabyltingarinnar
- Með því að rannsaka íslensku, sem er tungumál lítils málsamfélags þar sem upplýsingaöflun er greið, er vonast til að hægt verði að afla upplýsinga og niðurstaðna sem síðan megi yfirfæra á önnur tungumál sem eru í svipaðri stöðu og íslenskan, t.d. færeysku.





Meginmarkmið verkefnisins

- Rannsaka áhrif stafrænna miðla og snjalltækja á:
 - viðhorf Íslendinga til íslensku og ensku,
 - málkunnáttu Íslendinga (orðaforða og form málsins),
 - eru nú þegar komin fram máltilbrigði sem tengjast nánu sambýli íslensku og ensku?
 - málnotkun Íslendinga.
- Þróa nýja mælikvarða á lífvænleika tungumála sem taka tillit til stafræns tungumáladauða.
- Varpa ljósi á stöðu og framtíð íslenskunnar.





Áhersla lögð á yngri málnotendur

- Sérstaklega verður hugað að því hvort aukið enskuáreiti í samfélaginu hafi jafn mikil áhrif á leikskólabörn og börn í fyrstu bekkjum grunnskóla, sem eru enn á aðalmáltökuskeiði, og á eldri börn, unglinga og fullorðna.





Lýsandi markmið

- Lýsandi markmið verkefnisins er að kortleggja magn og eðli ensks og íslensks málumhverfis í íslensku samfélagi í dag og fá yfirlit yfir máltilbrigði sem kunna að tengjast nánu sambýli íslensku og ensku.





Fræðilegt markmið

- Tengja félagslega þætti og tvítyngi við nýlegar hugmyndir og líkön fræðimanna sem gera ráð fyrir að innri málkunnátta málnotenda sé leidd af magni og dreifingu ílags á máltöku-skeiði og takmarkist af tilteknum hömlum sem gilda um það hvernig tungumál geta verið.
- Einkum verður byggt á breytileikalíkani Yangs (2002) um máltöku og hugmyndir hans þróaðar áfram.





Aðferðafræði

- Viðamikil netkönnun verður lögð fyrir 5.000 þátttakendur. Henni er ætlað að veita yfirlit yfir notkun íslensku og ensku í íslensku málsamfélagi.
- Ítarlegum málfarsupplýsingum verður síðan safnað frá 400 Íslendingum sem valdir verða með lagskiptu handahófsúrtaki úr þessum hópi.
- Málnotkun hvers einstaklings verður greind og metin og tilteknir þættir málkunnáttunnar kannaðir með viðtölum og prófum.





- Með því að skoða ensk áhrif á íslensku verður reynt að varpa ljósi á hugtakið „stafrænn tungumáladauði“ sem hefur verið notað talsvert í umræðu um stöðu og lífvænleika tungumála upp á síðkastið.





- Með stafrænum dauða er átt við að tungumál verði undir á netinu og í stafrænum samskiptum en ýmislegt er enn óljóst í sambandi við merkingu og notkun hugtaksins, svo sem það hvort stafrænn dauði leiðir óhjákvæmilega til algers dauða, eða hvort tungumál getur lifað góðu lífi í raunheiminum þótt það deyi í netheimi.





Stafrænn dauði

- Könnun META-NET á stöðu 30 evrópumála 2012
 - hvað varðar máltækni og rafrænan stuðning
- 2/3 málanna (21 af 30) eru í hættu
 - ná ekki að halda í við öra þróun tölvutækni
- András Kornai, *Digital Language Death 2013*:
 - Digital ascent is the [...] process, whereby a language increasingly acquires digital functions and prestige as its speakers increasingly acquire digital skills.
 - [T]he vast majority (over 95%) of languages have already lost the capacity to ascend digitally.



Þrjú dauðamerki tungumála (Kornai 2013)

- Signs of imminent death observable in advance:
 - First, there is *loss of function*, seen whenever other languages take over entire functional areas such as commerce.
 - Next, there is *loss of prestige*, especially clearly reflected in the attitudes of the younger generation.
 - Finally, there is *loss of competence*, manifested by the emergence of ‘semi-speakers’ who still understand the older generation, but adopt a drastically simplified (reanalyzed) version of the grammar.





Mælikvarðar

- Meta þarf stafrænan lífvænleik tungumála
 - til þess þarf nýja mælikvarða
- There are five confluent factors we consider:
 - (i) the size and demographic composition of the language community;
 - (ii) the prestige of the language;
 - (iii) the identity function of the language;
 - (iv) the level of software support; and
 - (v) wikipedia





Vísbendingar um stafrænan dauða

- [The] signs of incipient language death take on the following characteristics:
 - Loss of function *performed digitally* increasingly touches every functional area from day to day communication (texting, email) to commerce, official business, and so on.
 - Loss of prestige is clearly seen in the adage *If it's not on the web, it does not exist*, and
 - loss of competence boils down to the ability of raising digital natives in your own language.





Framtíðarhorfur íslenskunnar

- Á íslenska möguleika á stafrænu lífi?
 - eða dregst hún smátt og smátt aftur úr?
- Eru hefðbundnir kvarðar um lífvænleik úreltir?
 - eða ónothæfir á tímum örra þjóðfélagsbreytinga?
- Leiðir stafrænn dauði til raunverulegs dauða?
 - eða getur tungumál lifað góðu lífi í raunheiminum þótt það verði undir á netinu?
- Spurningarnar eru nægar – svara verður leitað!



Lokaorð

- Rannsóknin felur í sér mikilvægt framlag á sviði fræðikenninga um máltöku og málbreytingar, líf og dauða tungumála, breytileika og þróun í máli einstaklinga og mun einnig varpa ljósi á stöðu og framtíð íslenskunnar.





Áhrif á orðaforða, málkunnáttu og málnotkun barna og ungmenna

- **Orðaforði:** Meira um ensk orð og slettur, t.d. „*Þetta er gott story*“ (= *góð saga*).
- **Málkunnátta:** Gerð íslensku breytist við náið sambýli við ensku, beygingum fækki, setningagerð breytist og jafnvel framburður, t.d. „*... spá að taka mig út úr íslensku*“ (= *drop out of Icelandic*).
- **Málnotkun:** Aukin enskunotkun og jákvætt viðhorf til hennar hafi áhrif á stöðu tungunnar. Íslenska missi notkunarsvið, t.d. í tölvuleikjum.





Aukin enskunotkun og tvítyngi

- Ef börn alast upp við tvö tungumál á máltökuskeiði verða þau tvítyngd.
- Tvítyngi er talið jákvætt fyrir einstaklinga en getur verið neikvætt fyrir þjóðtungur, sérstaklega fyrir lítil málsamfélög með fáa málhafa (UNESCO 2003:8).
- Tvítyngi getur verið fyrsta skrefið í tungumáladauða, við ákveðnar málfélagslegar aðstæður, sbr. sambýli írsku og ensku.





Takk fyrir!





Heimildaskrá

- Bergur Þór Ingólfsson. 2015. Yfirvofandi dauði íslenskunnar. Fréttablaðið, 18. maí. (<http://www.visir.is/yfirvofandi-daudi-islenskunnar/article/2015705189949/>)
- Björn Rúnar Egilsson. Netnokun yngstu barnanna. Viðtal á Rás 2, RÚV, 3. mars 2016. (<http://ruv.is/sarpurinn/ras-2/morgunutvarpid/20160303>)
- Christakis, Dimitri A., o.fl. 2009. Audible Television and Decreased Adult Words, Infant Vocalizations, and Conversational Turns: A Population-Based Study. *Archives of Pediatrics and Adolescent Medicine* 163(6):554-558.
- Curtiss, Susan. 1985. The development of human cerebral lateralization. Í D. Frank Benson og E. Zaidel (ritstj.) *The Dual Brain*, bls. 97-116. The Guilford Press, New York.
- DeKeyser, Robert og Jennifer Larson-Hall. 2005. What does the critical period really mean? Í Judith F. Kroll og Annette M. B. De Groot (ritstj.): *Handbook of bilingualism: Psychological approaches*, bls. 88-108. Oxford University Press, Oxford.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2015. Verður íslenska gjaldgeng í stafrænum heimi? *Hugrás, vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*, 29. október. (<http://hugras.is/2015/10/verdur-islenska-gjaldgeng-i-stafrenum-heimi/>)





- Eiríkur Rögnvaldsson. 2015. Er hrakspá Rasks að rætast? Hugrás, vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, 6. nóvember. (<http://hugras.is/2015/11/er-hraksparasks-ad-raetast/>)
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2016. Íslenskan á að njóta vafans. *Fréttablaðið*, 16. janúar. (<http://www.visir.is/islenskan-a-ad-njota-vafans/article/2016160119201/>)
- Elín Thordardóttir. 2014. The typical development of simultaneous bilinguals: Vocabulary, morphosyntax and language processing in two age groups of Montreal preschoolers. Í Johanne Paradis og Theres Grúter (ritstj.): *Input and Experience in Bilingual Development*, bls. 141-160. John Benjamins, Amsterdam.
- *Hag tíðindi: Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni* 100(1). 2015. Tölvu- og netnotkun á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum. Hagstofa Íslands, Reykjavík.
- Hakuta, K. og D'Andrea, D. 1992. Some properties of bilingual maintenance and loss in Mexican background high-school students. *Applied Linguistics* 13:72-99.
- Lenneberg, Eric. 1967. *Biological Foundations of Language*. Wiley, New York.
- Linda Björk Markúsardóttir. 2015. „Ég kann þetta ekkert á íslensku.“ *Fréttablaðið*, 14. apríl. (<http://www.visir.is/-eg-kann-thetta-ekkert-a-islensku-/article/2015704149993/>)
- Newport, Elissa. 1991. Contrasting Conceptions of the Critical Period for Language. Í Susan Carey og Rochel Gelman (ritstj.), *The Epigenesis of Mind*. Lawrence Erlbaum Associates, New Jersey, bls. 111-130.





- Newport, Elissa, Henry Gleitman og Lila Gleitman. 1977. Mother, Please I'd rather do it myself. Í C. Snow og C. Ferguson (ritstj.): *Talking to Children*, bls. 109-151. Cambridge University Press, Cambridge.
- Pearson, Barbara og Luiz Amaral. 2014. Interactions between input factors in bilingual language acquisition: Considerations for minority language maintenance. Í Johanne Paradis og Theres Grúter (ritstj.): *Input and Experience in Bilingual Development*, bls. 99-117. John Benjamins, Amsterdam.
- SAFT könnun á netnotkun barna og unglunga. Lögð fyrir í maí-ágúst 2013 af Capacent Gallup fyrir Heimili og skóla, Reykjavík. (<http://www.saft.is/fraedsla/>)
- UNESCO Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages. 2003. Language Vitality and Endangerment. UNESCO, París. (<http://unesdoc.unesco.org/images/0018/001836/183699E.pdf>)





Viðmið UNESCO um lífvænleika tungumála

